

Sjávarföll – Ábendingar og fróðleikur

Stjörnufræðivefurinn: Lesefni og myndskaið

Sjávarföll (grein): <http://www.stjornufrædi.is/solkerfid/jordin/sjavarfoll>

Stjörnufræðivefurinn: Námsefni

Neðst í greininni **Sjávarföll** er að finna námsefni sem tengist sjávarföllum.

YouTube: Myndskeið af sjávarföllum og brimbrettasiglingum

Mestu sjávarföll í heimi eru umhverfis Fundy flóa við Nova Scotia í Kanada.

Á YouTube er að finna myndbönd sem sýna hvernig sjávarhæð breytist við Fundy flóa og er best að leita eftir orðunum **“Bay of Fundy”**.

Á YouTube er einnig að finna myndbönd af fólki að sigla á brimbrettum á sjávarfallaöldum úti í heimi. Hægt er að nota leitarorðin **“Tides surfing”**.

Almanaki Háskóla Íslands: Flóðtöflur

Í almanaki Háskóla Íslands er að finna flóðatöflur fyrir Reykjavík. Þar eru einnig upplýsingar um hve miklum tíma þarf að bæta við eða draga frá fyrir aðrar hafnir á Íslandi. Almanakið fæst í bókabúðum og í vefversluninni <http://www.almanak.is> Almanakið er einnig með fróðlega vefsíðu sem tengist stjörnufræði: <http://almanak.hi.is>

Landhelgisgæslan: Fróðleikur og vefsíður

Á vefsíðu Landhelgisgæslunnar er fróðleikur um sjávarföll og upplýsingar um sjávarföll við nokkrar hafnir í kringum landið.

<http://www.lhg.is/starfsemi/sjomaelingasvid/sjavarfoll/>

Siglingastofnun: Sjávarfallaspá

Á vefsíðu Siglingastofnunar er spá um sjávarföll umhverfis landið með og án vinds (áhláðanda). Hægra megin er hægt að velja dagsetningu: <http://vs.sigling.is/pages/977>

- Blái liturinn táknar að sjávarhæð sé undir meðalsjávarborði (fjara).
- Rauði liturinn að sjávarhæð sé yfir meðalsjávarborði (flóð).

Upplýsingar um kvartilaskipti tunglsins

Vanalega er stórstreymi 1-2 dögum eftir fullt eða nýtt tungl. Yfirleitt eru sömu dagsetningar fyrir allt landið (munar t.d. 30 mínútum á Egilsstöðum og Reykjavík).

Erlend vefsíða: <http://www.timeanddate.com/calendar/moonphases.html?n=211>